

✉ Re: Fyrirhugur endurheimt votlendis í landi Berserkseyrar í Grundarfjarðarbæ. Umsögn NÍ

Búið til	3.1.2022 15:31:02
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	3.1.2022 15:31:00
Tilheyrir	 202112-0049 - Endurheimt votlendis í landi Berserkseyrar

Efni

Re: Fyrirhugur endurheimt votlendis í landi Berserkseyrar í Grundarfjarðarbæ. Umsögn NÍ

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	3.1.2022 15:31:00	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NÍ (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	ragnarfkristjansson@gmail.com

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202112-0049 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Votlendissjóði, dags. 20. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framkvæmdarleyfi fyrir endurheimt votlendis í landi Berserkseyrar í Grundarfirði á Snæfellsnesi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn og gerir ekki athugasemdir við að framkvæmdaleyfið sé veitt. Áætluð er endurheimt votlendis á fimm aðskildum reitum þar sem í dag eru framræstar mýrar. Gott væri að sjá nákvæmlega á skýringarmynd hvaða skurði eigi að fylla í og hvernig að endurheimtinni verður staðið. Er til dæmis stefnt að því að móta landslag með tjörnum o.s.frv. eða einungis fylla upp í skurði?

Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti endurheimtin að leiða til þess að flatarmál votlendis aukist í stað ræktaðra túna eða graslendis og þar með umfang votlendisvistgerða. Áhrif á lífríki svæðisins, þ.m.t. fuglalíf, ættu að vera jákvæð en það er háð hönnun og skipulagi framkvæmdar. Mikilvægt er að farið sé varlega, sérstaklega við notkun vinnuvéla, og að framkvæmdin valdi ekki raski á gróðri sem ekki er stefnt að því að

breyta. Nota ætti staðargróður til uppgræðslu. Tryggja þarf góðar mengunarvarnir. Forðast þer að framkvæma á varptíma fugla (frá 15. apríl til 15. ágúst). Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir þau framkvæmdasvæði sem liggja nálægt friðlýstum æðarvörpum.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Ragnar Frank Kristjánsson" <ragnarfrankjansson@gmail.com>

To: "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurðsson@ni.is>; "María Harðardóttir - NI" <Maria.Hardardottir@ni.is>

CC: "Einar Þór Bárðarson" <einarb@votlendi.is>

Subject: Fyrirhugur endurheimt votlendis í landi Berskerseyrar í Grundarfjarðarbæ. Umsögn NÍ

Date: 20.12.2021 15:36:57

Sæl María og Snorri, veit ekki hvort þið séuð réttu aðilar innan NÍ að skoða þetta mál og afgreiða. Ef það er einhver annar þá veit ég að María (gamall vinnufélagi) kemur þessu á réttan aðila hjá NÍ sem afgreiðir málið sem fyrst svo Votlendissjóður geti hafið framkvæmdir um leið og leyfi sveitarfélagsins er komið.

Undirritaður er ráðgjafi Votlendissjóðs og aðstoða framkvæmdarstjóra sjóðsins í nokkrum málum er varðar stjórnarsýslu sveitarfélaga. Í haust óskaði Votlendissjóður eftir framkvæmdarleyfi fyrir endurheimt á votlendi í landi Berskerseyri skammt frá Kolgrafarfirði. Skipulagsfulltrúi í Grundarfirði fór fram á að Votlendissjóður leiti umsagnar Vegagerðarinnar og Náttúrufræðistofnunar á fyrirhugaðri endurheimt votlendis á jörðinni Berskerseyri í Grundarfirði áður en málið verði tekið fyrir hjá bæjarstjórn Grundarfjarðar. Í flestum sveitarfélögum þá hafa verið gefin út framkvæmdarleyfi fyrir endurheimt án þess að leita þurfi til NÍ eða Vegagerðar, enda er verið að endurheimta gamalt votlendi, í flestum tilfella minniháttar framkvæmd og náttúruvernd til góðs. Í tölvuskeyti frá skipulagsfulltrúa Grundarfjarðar er þess getið að ef Náttúrufræðistofnun telur ekki ástæðu að gefa umsögn um fyrirhugaða endurheimt, þá er óskað eftir staðfestingu á því. Geri ráð fyrir að það sé nóg að staðfesta það með tölvuskeyti.


Fyrirhuguð endurheimt í landi Berskerseyrar er beggja vegna við stofnveg nr.54, fimm svæði afmörkuð á loftmynd hvergi verður unnið innan við 30 metra frá miðlínu vegar.

Ég mun hafa samband við Róbert hjá Náttúrustofu Vesturlands og heyra hans álit á fyrirhugaðri endurheimt.

Votlendissjóður mun ekki standa fyrir sérstakri vöktun á svæðinu. En starfsmenn Landgræðslu ríkisins munu taka út endurheimtina og reikna út kolefnisbindinguna. Allar framkvæmdir Votlendissjóðs eru unnar í samstarfi við Landgræðslu ríkisins.

Vinsamlega látið mig vita hvort þessar upplýsingar séu nægjanlega fyrir ykkur.

Virðingarfyllt, Ragnar Frank Kristjánsson, landslagsarkitekt FÍLA, RFK-umhverfisráðgjöf. Sími 8926388



Númer	Forsendur	Stærð (ha)	Skipulagsákvæði
ÖN-1	Búlandshöfði Náttúruinjasíkra; aðrar náttúruinjar nr. 225. Í Búlandshöfða frá Mávahlíð að Höfða eru merk setlög og jarðlög með steingerðum skeljum.	178,9	Landnotkunarflokkurinn óbyggð svæði (ÖB) er látinn ná yfir náttúruverndarsvæðið í heild sinni. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um náttúruvernd.
ÖN-2	Stöð (Brimlárhöfði) Náttúruinjasíkra; aðrar náttúruinjar nr. 226. Í austurhlíð fjallsins eru merk setlög og jarðlög með skeljum og bláðörum frá hlýskeiði á Ísöld. Í Stöðinni má lesa loftslagsögu myndunartíma þeirra.	81,4	Landnotkunarflokkurinn óbyggð svæði (ÖB) er látinn ná yfir náttúruverndarsvæðið í heild sinni. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um náttúruvernd.
ÖN-3	Naustáli og Akurtraðir Svæðið afmarkast af merkjum Naustáls og Norður-Bárrar annars vegar og Akurtraða og Vatnabúða hins vegar, meðfram strandlengjunni og umhverfis Álavtn. Friðlýst 13.4.2015 og gildir friðlýsing til 2025. Fristundabyggð er skilgreind í nágrenni hins friðlýsta æðarvarps í landi jarðarinnar.	18,7	Á svæðinu gilda ákvæði 3. gr. reglugerðar um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. nr. 252/1996. Friðlýsing æðarvarps gildir á tímabilinu frá 15. apríl til og með 14. júlí ár hvert. Friðlýsingin felur það í sér að öll skot eru bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumál. Jafnframt felur friðlýsingin í sér að innan friðlýstra svæða er öll óviðkomandi umferð og röskun bönnuð, svo og óþarfa hávaði af völdum manna og véla, nema með leyfi varpeiganda. Friðlýst æðarvörp skal auðkenna með áberandi hætti, þar sem því verður við komið. Í óbyggðum eyjum og hölmum á þetta ekki við.
ÖN-4	Berserkseyri Æðarvarp er á öllum Berserkseyraroddanum, svæðinu umhverfis Lómatjörn og með strandlengjunni austur að beitningarskírnum. Friðlýst 13.4.2015, friðlýsing gildir til 2025.		Á svæðinu gilda ákvæði 3. gr. reglugerðar um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. nr. 252/1996. Friðlýsing æðarvarps gildir á tímabilinu frá 15. apríl til og með 14. júlí ár hvert. Friðlýsingin felur það í sér að öll skot eru bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumál. Jafnframt felur friðlýsingin í sér að innan friðlýstra svæða er öll óviðkomandi umferð og röskun bönnuð, svo og óþarfa hávaði af völdum manna og véla, nema með leyfi varpeiganda. Friðlýst æðarvörp skal auðkenna með áberandi hætti, þar sem því verður við komið. Í óbyggðum eyjum og hölmum á þetta ekki við.
ÖN-5	Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn Náttúruinjasíkra; aðrar náttúruinjar nr. 227. Hluti svæðisins er innan Grundarfjarðarbæjar. Svæðið í heild nær til Berserkjahrauns og Hraunsfjarðar innan Seljaodda ásamt Selvallavatni, Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni. Á svæðinu er stórbrotið apalhraun með gíghólum og sögumunjum. Þarna er Berserkjagata og Berserkjadýs, líflaugar fjörur og veiðivötn.	73,8	Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um náttúruvernd.
ÖN-6	Kolgrafir Friðlýst æðarvarp frá 25.4.2018-25.4.2028. Svæðið er samfellt land jarðarinnar vestan Þjóðveggarins við Kolgrafarodda í norðri að Halli í suðri, en undanskilið er vegarstæði um þveran Kolgrafarfjörð.		Á svæðinu gilda ákvæði 3. gr. reglugerðar um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. nr. 252/1996.

Sent frá Póstur (<https://go.microsoft.com/fwlink/?LinkId=550986>) fyrir Windows

>>

>> On 4 Nov 2021, at 16:05, Skipulag <skipulag@grundarfjordur.is> wrote:

>>

>> Sæll Einar,

>>

>> Næstu skref eru að kanna þarf hvort framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar þ.e. hvort um „minniháttar“ eða „meiriháttar“ framkvæmd sé að ræða sem áhrif geti hafi á umhverfið og breytt ásynnd þess (sjá: https://skipulag.eplica.is/media/pdf-skjol/Um_endurheimt_votlendis.pdf) (https://skipulag.eplica.is/media/pdf-skjol/Um_endurheimt_votlendis.pdf).

>>

>> Auk gagna sem fylgdu umsókninni, er mikilvægt er senda okkur gögn sem geta skýrt/stutt málið frekar þ.m.t. umsögn NÍ og Vegagerðarinnar. Endurheimt votlendis hefur jákvæð áhrif á búsvæði fugla almennt og má telja líklegt, skv. Jóni Einari Jónssyni æðarfuglssérfræðingi hjá Háskólasetrinu í Stykkishólmi, að það eigi einnig við um æðarfugl, þó það sé ekki vitað með vissu. Þar sem hluti þess svæðis sem endurheimta á er á svæði sem í aðalskipulagi er sérstaklega friðlýst fyrir æðarfugl (ÖN-4 og ÖN-6) tel ég mikilvægt að þið óskið eftir umsögn NÍ. Einnig tel ég mikilvægt að þið óskið eftir umsögn Vegagerðarinnar. Telji NÍ og/eða Vegagerðin ekki nauðsynlegt að veita umsögn, væri gott að fá staðfestingu frá þeim að svo sé.

>>

>> Mig langar einnig að koma á framfæri hugmynd sem kom upp í samtali við sérfræðing hjá Skipulagsstofnun en hugmyndin felst í því, þ.e.a.s. ef af framkvæmdinni verður, að setja á einhverskonar vöktun á svæðinu þar sem fylgst verði sérstaklega með áhrifum á æðarvarpið.

>>

>> Til upplýsingar:

>> Á bls. 86 í greinargerð með Aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 er sett fram stefna um fjölbreytni fuglalífs og gróðurs. Þar segir m.a. að „[s]taðinn verði vörður um merkileg og viðkvæm búsvæði fugla og gróðurs til að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni.“ Einnig kemur fram að „[ó]röskuð votlendi verði vernduð og votlendi endurheimt þar sem mögulegt er og ekki er lengur áformað að rækta á svæðinu. Endurheimt verði þó skoðuð m.t.t. stefnu um varðveislu verðmæts landbúnaðarlands til ræktunar og matvælaframleiðslu (sjá kafla 6.4 um landbúnað). Fjörum verði ekki spillt og þær verði hreinsaðar reglulega.“

>>

>> Á bls. 93 í greinargerðinni er fjallað um svæði sem njóta annarrar náttúruverndar (ÖN). Þar segir m.a. “[f]riðlýst æðvarvörp í sveitarfélaginu falla undir landnotkunarflokkinn. Þeim er friðlýst á grunni reglugerðar um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. nr. 252/1996. Ákvörðun um friðlýsingu æðarvarps er birt í Lögbirtingarblaði og gildir í 10 ár frá birtingu.

>>

>>

>> Með kveðju,

>>

>> Kristín Þorleifsdóttir

>> Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála og skipulagsfulltrúi

>> Grundarfjarðarbær

>> Borgarbraut 16, 350 Grundarfjörður

>> Netfang: skipulag@grundarfjordur.is

>> Sími: 430 8500

>> www.grundarfjordur.is (<http://www.grundarfjordur.is>)

>> Grundarfjarðarbær á Facebook

> <image001.jpg> <image002.jpg>

>> From: Einar Þór Bárðarson <einarb@votlendi.is>

>> Date: Monday, 1 November 2021 at 12:54

>> To: Skipulag <skipulag@grundarfjordur.is>

>> Cc: Einar Þór Bárðarson <einarb@votlendi.is>, hjorturg.gislason@gmail.com

<hjorturg.gislason@gmail.com>, Björg Ágústsdóttir <bjorg@grundarfjordur.is>, Sigurjón Einarsson - LAND <sigurjon.einarsson@landgraedslan.is>, lðunn Hauksdóttir - LAND <idunn.hauksdottir@landgraedslan.is>

>> Subject: Re: Vegna fyrirhugaðrar endurheimtar votlendis í landi Berserkseyrar í Grundarfjarðarbæ.

>>

>> Sæl Kristín

>> Takk enn og aftur fyrir snögg og vönduð viðbrögð við þessu erindi okkar. Við vinnum okkar framkvæmdaáætlanir út frá reglugerðum og umferðalögum. Sérstaklega öryggisþættina sem varðar sjálfa veghelgunina eins og ég held að það sé kallað. Allt miðast þetta við að ná árangri í stöðvun losunar en alls ekki að stofna vegfarendum í neina hættu.

>> Ég hlakka til að ræða þetta við fulltrúa vegagerðarinnar og ég og lðunn munum geta svarað spurningum þeirra hratt og örugglega.

>> Sendirðu Vegagerð og Náttúrufræðistofnun beiðnir um umsagnir í dag ? og er umsagnarfrestur 2 vikur ?

>> Einar

>> > On 1 Nov 2021, at 12:31, Skipulag <skipulag@grundarfjordur.is> wrote:

>> > Sæll Einar,

>> > Til að staðfesta það sem við ræddum um í símtali á föstudaginn, þá er um að ræða fimm reiti sem að hluta til falla á svæði sem merkt eru sem friðlýst svæði æðarfugls (ÖN-4 og ÖN-6) í Aðalskipulagi

Grundarfjarðar. Ég þykist vita að endurheimt votlendis hafi almennt jákvæð áhrif á búsvæði fugla en ég

leitaði einnig til Jóns Einars, æðarfulgssérfræðings hjá Háskólasetrinu í Stykkishólmi, sem staðfesti geti

einnig við um æðarfugl þó það sé ekki vitað með vissu. Þar sem um er að ræða sérstakt verndarsvæði

æðarfugls tel ég (a.m.k. formsins vegna) að nauðsynlegt sé að fá formlega umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

>> > Þar sem að svæðið sem um ræðir liggur beggja vegna þjóðvegjar, er einnig nauðsynlegt að fá umsögn frá Vegagerðinni.

>> > Vertu endilega í sambandi ef eitthvað er óljóst.

>> > Með kveðju,

>> > Kristín Þorleifsdóttir

>> > Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála og skipulagsfulltrúi

>> > Grundarfjarðarbær

>> > Borgarbraut 16, 350 Grundarfjörður

>> > Netfang: skipulag@grundarfjordur.is

>> > Sími: 430 8500
>> > www.grundarfjordur.is (<http://www.grundarfjordur.is>)
>> > Grundarfjarðarbær á Facebook

Viðhengi

image003.png (5 KB)

C93B6E0E7D7E42EA9E07B59A35DF7BD4.png (321 KB)

7458B3AF5E0E4CDFBD58A127D7032F0A.png (249 KB)

90B2D1AD6DBF45918D19FE2FE35FD8C2.png (816 KB)